

Mánudaginn 16. júlí 1945.

Nr. 12/1944. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verkalýðsfélags Norðfirðinga vegna Jóhanns Sigurðar Jónssonar** (Ragnar Ólafsson hrl.)

gegn

Útvegsmannafélagi Norðfjarðar f. h. Bergs Eiríkssonar og Ásgeirs Bergssonar

(Eggert Claessen hrl.).

Varadómari Þorsteinn Pétursson skrifstofumaður í stað Ragnars Ólafssonar hrl.

Orlofsmál.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu útgefni 15. sept. f. á. af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðsfélags Norðfirðinga vegna Jóhanns Sigurðar Jónssonar gegn Útvegsmannafélagi Norðfjarðar f. h. Bergs Eiríkssonar og Ásgeirs Bergssonar til greiðslu orlofsfjár, að upphæð kr. 162,36, en til vara kr. 81,18, með 5% ársvöxtum frá 25. sept. 1944 til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Stefndur hefur gert þær dómkröfur, að hann verði aðeins dæmdur til greiðslu á kr. 81,18 og að stefnandi verði dæmdur til þess að greiða sér málskostnað eftir mati dómsins.

Málavextir eru þeir, að sumarið 1943 var Jóhann Sigurður Jónsson háseti á v/b Magna N.K. 68 á tímabilinu frá því um mánaðamótin maí—júni og fram í byrjun október. Var nefndur bátur gerður út af stefndum útgerðarmönnum og stundaði hann þorskveiðar á línu. En allur aflinn var seldur jafnóðnu nýr í fisktökuskip.

Samkvæmt ráðningu og skráningu Jóhanns Sigurðar skyldi um kjör hans farið eftir samningi um launakjör sjómanna, dags. 7. janúar 1943, milli Verkalýðsfélags Norðfirðinga og Vélstjórafélagsins Gerpis annars vegar og Útvegsmannafélags Norðfjarðar hins vegar. Í samningi þessum, sem fjallar um hlutaskipti, er svo kveðið á m. a., að við þorskveiðar með línu skuli hlutarmenn greiða salt að sínum hluta. Bátshöfn skal og skila bátnum og veiðitækjum hreinum og ganga frá veiðarfærum að lokinni vertíð, útgerð að kostnaðarlausu. Við dragnotaveiðar skal greiða is af óskiptu.

Aflahlutur Jóhanns Sigurðar af þorskveiðum með línu fram-

angreint tímabil nam kr. 4059.05. Telur hann að sér beri 4% af þeirri fjárhæð í orlofsfé samkvæmt 4. gr. orlofslaganna nr. 16 frá 1943, þar sem hann falli ekki undir ákvæði b-liðs 1. gr. sömu laga. Til vara krefst hann þó 2% af aflahlutsupphæðinni, ef talið yrði að við hann ætti síðarnefnt ákvæði orlofslaganna.

Kröfu sína um 4% af andvirði aflahlutar í orlofsfé byggir stefnandi á því, að þótt Jóhann Sigurður hafi verið ráðinn sem hlutarmaður samkvæmt framannefndum samningi, sem geri ráð fyrir þátttöku í saltkostnaði, þá hafi reyndin orðið sú, að hann hafi alls engan þátt tekið í útgerðarkostnaðinum, þar sem allur þorskurinn hafi verið seldur jafnóðum nýr í fisktökuskipin. Af þessu leiði það, að Jóhanni Sigurði beri fullt orlofsfé án tillits til þess, með hvaða kjörum hann var ráðinn og skráður á skipið. Þá heldur stefnandi því og fram, að þó svo yrði litið á, að miða ætti við ráðningarkjörin eins og þau eru ákvæðin í nefndum kjarasamningi frá 7. jan. 1943, þá leiði það sjónarmið allt að einu til þess, að Jóhann Sigurður eigi rétt á fullu orlofsfé, því þátttaka sú, sem til mála kæmi af hálfu hlutarmanns samkvæmt þeim kjarasamningi (saltið og hreinsun bátsins) sé svö lítilfjórleg, að hún geti ekki leitt til þess, að hann falli undir undantekningarákvæði b-liðs 1. gr. orlofslaganna.

Stefndi hefur ekki mótmælt skyldu til þess að greiða í orlofsfé 2% af andvirði umrædds aflahlutar, eða þá fjárhæð, sem stefnandi hefur krafist til vara. En frekari greiðsluskyldu mótmælir hann eindregið. Eru varnir hans fyrst og fremst byggðar á því, að samkvæmt b-lið 1. gr. orlofslaganna ráði það úrslitum *hvernig* hlutarmenn séu *ráðnir*. Nú hafi Jóhann Sigurður verið ráðinn samkvæmt hlutaskiptasamningi þeim, sem að framan hefur verið lýst, en samkvæmt honum taki hlutarmaður þátt í útgerðarkostnaði. Eigi ákvæði b-liðs 1. gr. orlofslaganna við um ráðningu hans og beri honum því ekki nema 2% í orlofsfé. Þá telur stefndi, að þó fallist yrði á þann skilning stefnanda, að ekki beri að miða við ráðningarkjörin ein, heldur og *hvernig* framkvæmdin hafi orðið, þá falli Jóhann Sigurður allt að einu undir b-lið 1. gr. laganna. Hér hafi að visu ekki orðið um hluttöku í saltkostnaði að ræða vegna þess, að þorskurinn var seldur nýr í fisktökuskipin, en hins vegar beri hlutarmönnum samkvæmt hlutaskiptasamningnum að skila bátnum og veiðitækjum hreinum að lokinni vertíð og

ganga frá veiðarfærum. Þetta verði að teljast þátttaka í útgerðarkostnaði, en samkvæmt orðalagi b-liðs 1. gr. orlofslaganna sé nægilegt, að hún sé einhver.

Samkvæmt b-lið 1. gr. orlofslaganna verður að telja, að tvö skilyrði þurfi til þess, að starfsmaður á fiskiskipi missi rétt til orlofsfjár samkvæmt orlofslögum. Í *fyrsta lagi*, að hann sé ráðinn á skipið samkvæmt hlutaskiptasamningi, og í *öðru lagi*, að hann taki „þátt í útgerðarkostnaði að meira eða minna leyti“. Nú var samningur sá, sem Jóhann Sigurður var ráðinn eftir á v/b Magna, hlutaskiptasamningur, og er þannig fyrra skilyrðið fyrir hendi, að því er hann varðar.

Kemur þá til álita hvort hann hafi tekið þátt í útgerðarkostnaði umrædda sumarvertíð. Þar sem fiskurinn var seldur nýr var ekki um að ræða neina þátttöku í saltkostnaði. Ekki er heldur neitt komið fram í málinu um ísnotkun á vertíð þessari.

Eins og að framan er greint, ber skipverjum að skila bát og veiðitækjum hreinum að lokinni vertíð og ganga frá veiðarfærum. Eftir því sem upp er komið í málinu, getur þetta orðið allt að 6—8 stunda vinna fyrir hvern skipverja, eða nær heill vinnudagur. Ekkert er fram komið, er bendi til þess, að Jóhann Sigurður hafi ekki tekið þátt í vinnu þessari að lokinni vertíð v/b Magna haustið 1943 að venjulegum hætti sjómanna austur þar.

Hér er að vísu ekki um mikið framlag að ræða af hálfu skipverja. En þegar litið er til orðalags b-liðs 1. gr. orlofslaganna, um þátttöku „*að meira eða minna leyti*“, verður að telja, að framlag Jóhanns Sigurðar við hreinsun bátsins hafi verið þátttaka í útgerðarkostnaði samkvæmt nefndu lagaákvæði. Eru því í máli þessu fyrir hendi bæði þau skilyrði 1. gr. nefndra laga, sem leiða til þess, að starfsmaður á fiskiskipi á ekki rétt til orlofsfjár samkvæmt hinum almennu ákvæðum orlofslaganna. Verður aðalkrafa stefnanda því ekki tekin til greina.

Hins vegar ber að taka til greina varakröfu hans um 2% í orlofsfé, sem ekki hefur verið mótmælt af stefnda.

Úrslit málsins verða þá samkvæmt framansögðu þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda orlofsfé, kr. 81.18, ásamt vöxtum, svo sem krafizt hefur verið.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 150.00 í málskostnað.

Einn dómenda, Þorsteinn Pétursson, vill taka til greina aðalkröfu stefnanda og gerir grein fyrir sinni afstöðu í sératkvæði.

Dví dæmist rétt vera:

Stefndi, Útvegsmannafélag Norðfjarðar f. h. Bergs Eiríkssonar og Ásgeirs Bergssonar, greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðsfélags Norðfirðinga vegna Jóhanns Sigurðar Jónssonar, kr. 81.18 í orlofsfé ásamt 5% ársvöxtum frá 25. september 1944 til greiðsludags og kr. 150.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Þorsteins Péturssonar.

Skrifa undir með þeim fyrirvara,

a, ég tel að stefnandi hafi ekki verið ráðinn samkvæmt samningi um hrein hlutaskipti, og þess vegna sé ekki hægt að svipta hann orlofsfé samkvæmt b-lið 1. gr. laga um orlof,

b, og að þátttaka stefnanda vegna hreinsunar báts og veiðarfæra geti enganveginn talizt þátttaka í útgerðarkostnaði, enda hér ekki um annað framlag en vinnu af hálfu stefnanda,

c, þá vil ég benda á, að þótt svo yrði litið á, að stefnandi hafi tekið þátt í útgerðarkostnaði með því að vinna að hreinsun báts og því að koma veiðarfærum fyrir, að lokinni vertíð, þá er þátttaka hans þó mun minni en svonefndur útgerðarkostnaður í félagsdómsmálinu nr. 21/1943, þar sem útgerðarmaður var dæmdur til að greiða fullt orlofsfé.

Með tilvísun til þessa tel ég að taka beri allar kröfur stefnanda til greina.

Þriðjudaginn 17. júlí 1945.

Nr. 3/1945. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verzlunarmannafélags Vestmannaeyinga** (Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn

Félagi kaupskýslumanna í Vestmannaeyjum
(Eggert Claessen hrl.).

Mál út af ágreiningi um það, hvort tiltekið félagið sé stéttarfélag og hvort því sé rétt að koma fram fyrir hönd félagsmanna vegna kaups og kjara.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu útgefni 9. þ. m. af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verzlunarmannafélags Vestmannaeyinga gegn Félagi kaupskýslumanna í Vestmanna-